

T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum
um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009
(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016)

Flutt af biskupi Íslands
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

1. gr.

12. gr. starfsreglnanna orðist svo:

■Nýkjörið kirkjuþing kýs fjóra menn í kirkjuráð til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Þeir sem hyggjast bjóða sig fram til kirkjuráðs skulu með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara áður en kosning til ráðsins fer fram, birta kirkjuþingsmönnum greinargerð, 300-500 orð, um helstu stefnumál sín og fyrirætlanir á vettvangi kirkjuráðs. Kosið skal um eitt sæti í einu. Réttkjörinn kirkjuráðsmaður er sá sem fær meirihluta greiddra atkvæða. Ef enginn fær þann atkvæðafjölda skal kosið að nýju milli þeirra tveggja sem flest fengu atkvæði. Ef tveir fá jafnmörg atkvæði skal kosið milli þeirra. Ef fleiri en tveir fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða milli hverra tveggja kosið er. Sá er réttkjörinn sem fær þá flest atkvæði. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

□Kosið skal að lokinni síðari umræðu þingmála. Sé þingi frestað skal kjósa kirkjuráð undir lok fyrstu þinglotu. Skal þá lokið síðari umræðu um skýrslu kirkjuráðs og fyrri umræðu um skýrslu um fjármál þjóðkirkjunnar.

□Nýkjörið kirkjuþing kýs til annarra þeirra nefnda og trúnaðarstarfa sem kveðið er á um í starfsreglum frá kirkjuþingi. Þá getur kirkjuþing jafnan kosið nefndir til að fjalla um sérstök mál. Nefndir samkvæmt þessari málsgrein skulu árlega gera kirkjuþingi grein fyrir störfum sínum.

2. gr.

■Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2017.

Athugasemdir með tillögu þessari.

Fyrir kirkjuþingi 2016 liggur tillaga biskups Íslands, sem forseta kirkjuráðs, um ýmsar breytingar á starfsreglum um kirkjuráð einkum til að tryggja skýrari reglur um starfsemi þess og vinnubrögð. Ein af þeim breytingum sem biskup telur eðlilegt að leggja til er sú að gerð verði krafa til þess að umboð kirkjuráðsmanna sé í samræmi við aðrar hliðstæðar reglur kirkjunnar um kosningar til trúnaðarstarfa, t.d. við kjör til kirkjuþings, biskupskjör og við val á prestum hvort heldur er með kjörnefnd eða almennri prestskosningu. Þannig verði áskilið að hver og einn

kirkjuráðsfulltrúi verði að njóta stuðnings meirihluta kirkjuþings. Lagt er til að nýtt fyrirkomulag verði tekið upp við kosningar til kirkjuráðs. Annars vegar að opið og gagnsætt ferli verði tekið upp við undirbúning kosninganna þannig að kirkjuþingsmönnum og öðrum sé ljósara sé hvað þeir einstaklingar sem gefa kost á sér ætla að standa fyrir og stefna að. Hvað varðar greinargerð þá sem lagt er til að menn leggi fram er stuðst við samsvarandi reglu í starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016. Í 9. tl. 1. mgr. 3. gr. þeirra starfsreglna er umsækjendum um prestsembætti gert að leggja fram greinargerð að hámarki 500 orð, um framtíðarsýn og væntingar er varða embættið.

Hins vegar að kosið sé um hvert sæti sérstaklega og jafnframt tryggt að fulltrúi hafi meirihluta kirkjuþings á bakvið sig. Auk þess má ætla að kosning verði markvissari með þeim hætti þegar kirkjuþingsfulltrúar sjá hvernig niðurstaða verður um hvert sæti. Getur þetta fyrirkomulag auðveldað að fylgja eftir jafnréttisstefnu Þjóðkirkjunnar. Þessari tillögu er ekki ætlað að binda hendur kirkjuþings þannig að einungis megi kjósa þá sem leggja fram greinargerð, heldur er þetta einvörðungu gagnvart þeim sem vilja gefa kost á sér opinberlega. Þingið getur að sjálfsögðu kosið hvern þann sem það vill en telja verður fremur ólíklegt að aðrir en frambjóðendur verði kosnir.

Lagt er til að breyting þessi, ef samþykkt verður, taki gildi 1. janúar 2017. Starfsreglur þessar fela ekki í sér kostnað og er því ekki þörf kostnaðaráætlunar.